

# MMF H15


Fræði sjónmenningar - Umhverfi, verkefni 2

Eftir Sigurlaugu Kristmannsdóttur

# Hvalsneskirkja

**Kirkja við opið haf**

# Hvalsneskirkja á Rosmhvalanesi vestanverðu



- Byggð 1886 – 1887, vígð 25.des
- Hönnun
  - Magnús Magnússon
- Steinsmiðir:
  - Magnús Magnússon og Stefán Egilsson
- Trésmiður
  - Magnús Ólafsson
- Endurbætur 1945
  - Guðjón Samúelsson

# Tilheyrir Hvalsnes- og Útskálasókn



- Stærð: 12,60 m x 8,02 m
- Steinkirkja, reist úr tilhöggnu grágrýti sem fleygað var úr klöppunum við túngarðinn
- Tréverk er unnið úr rekavið úr fjörum í nágrenninu
- Eirþak sett á kirkju í stað bárujárns í lok síðustu aldar
- Friðlýst frá 1990

# Seglskipið *Jamestown*



- 4000 tonna seglskip
- Strandaði við Hafnir 1881
- Hlaðið kjörvið
- Skipið eyðilagðist í óveðri nokkrum dögum síðar
- Timbur rak á fjörur
- Mörg hús á Suðurnesjum byggð úr þessum rekavið

# Að innan er kirkjan ekki síður falleg...



- Hlutir nýttir úr gömlu kirkjunni:
  - Altarið
  - Altaristaflan eftir Sigurð Guðmundsson
  - Kirkjuklukkur
  - Skírnarfontur
  - Silfurkaleikur, korpóralklútur, tinskál
- Predikunarstóll úr Mahonídrumb sem rak á fjörur úr *Jamestown*
- Höggmynd af Hallgrími Péturssoni eftir Einar Jónsson

# Merkasti gripur kirkjunnar



- Hallgrímur Pétursson hjó bautastein til minningar um Steinunni dóttur sína 1649
- Rúmlega 100 kg að þyngd
- Steininn fannst 1964
- „Til eru fegurri minnismarki og bautasteinar. En steinninn sem stendur við hlið altarisins í Hvalsneskirkju er áhrifameiri en flestir þeirra.“

Karl Sigurbjörnsson biskup

# Hvalsneskirkja er STÓR bygging

- Þó ekki á veraldlegan mælikvarða, en í hugum fólksins sem býr þarna
- Kirkjan hefur gegnt mikilvægu hlutverki í líf fólksins á svæðinu
  - Fólk hefur komið saman í kirkjunni, til að syrgja og gleðjast, samhryggjast og samfagna, hittast, hlusta á orð presta, njóta tónlistar og þess að vera í fallegri byggingu
- Ráðdeild og nýtni forfeðranna
  - Kirkjan er byggð úr efni sem tiltækt var í umhverfinu: Grágrýti og rekavið.
  - Munir úr fyrri kirkjubygginum voru nýttir þegar kirkjan var byggð, svo sem altaristafla, altari og skírnarfontur
- Fagurlega skreyttar innréttingar eru til merkis um hlýju og natni þeirra sem byggðu kirkjuna og einnig þeirra sem hafa séð um að halda kirkjunni við